Kennsluleiðbeiningar

„Skólabragur“

Öll börn eiga rétt á öruggu umhverfi og góðum skólabrag sem styður við nám þeirra og stuðlar að heilbrigði og vellíðan. Þessi kafli fjallar um skólabrag, einelti og hvernig nemendur sem eiga erfitt í skólanum geta leitað hjálpar. Efnið er samið með það í huga að kennari stýri vinnunni.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „*Ég veit*“:

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera hér.

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Um kennsluferlið:

Ítarefni

Í þessum hluta er ítarefni sem gefur nemendum tækifæri til að afla sér meiri upplýsinga og öðlast dýpri skilning á efninu.

- Öruggt skólaumhverfi
- Hvað er einelti
- Að fá hjálp
- Að dimmitera

Lærum meira

- Hvað er einelti?
- Réttur þinn til að líða vel
- Að fá hjálp vegna eineltis.
- Óumbeðnar myndasendingar.
- Um nemendaráð
- Hvað er gott að hafa í huga í dimmiteringum.

Samantekt í bekknum – góð ráð

Þegar bekkurinn hefur lokið við efni kaflans getur verið gott að líta til baka og íhuga efnið sameiginlega. Hér er tilvalið að rifja upp efnið, ræða um verkefnin og spyrja nemendur hvernig þeim fannst að vinna með efnið. Hlustaðu vel á það sem þeir segja.

Í slíkri samantekt gæti líka verið gott að minna nemendur á að þú sért til staðar ef einhver vill ræða eitthvað eftir kennslustundina. Minntu einnig á aðra sem þeir geta talað við, eins og hjúkrunarfræðing skólans, félagsráðgjafa, aðra kennara, Neyðarlínuna (112) og Hjálparsíma Rauða krossins (1717).

Kennsluleiðbeiningar

„Örugg heima“

Kaflinn „Örugg heima“ fjallar um ofbeldi og mikilvægi þess að börn sem upplifa ofbeldi segi fullorðnum frá því. Efnið er samið með það í huga að vinnan sé kennarastýrð, hvort sem er í öllum bekknum eða í minni hópum.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „*Ég veit*“:

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera hér.

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Um kennsluferlið:

Í þessum hluta eru eftirfarandi þættir:

1. Hlustið á söguna „Allt gott“

Allt gott er smásaga eftir Hörpu Jónsdóttur. Sagan er lesin upp. Sagan fjallar um heimilisofbeldi, hvernig þeim sem verður fyrir ofbeldi getur liðið og mikilvægi þess að segja frá. Mælt er með því að hlusta á söguna í bekknum, þar sem hún er grunnur að frekari vinnu með efnið.

2. Hlustið á samtal fagfólks

Samtal þar sem sérfræðingar útskýra og ræða um ofbeldi á heimilum, þolendur ofbeldis og mikilvægi þess að segja frá. Samtalið skýrir nánar efni sögunnar en varpar líka ljósi á fleiri hliðar ofbeldis ásamt því að útskýra mögulegar lausnir og aðgerðir gegn ofbeldi.

3. Íhugum saman

Umræður sem gefa nemendum tækifæri til að ígrunda söguna og samtal fagfólksins. Fylgstu með því sem nemendur segja og gefðu umræðum sem upp kunna að koma góðan tíma. Það er mikilvægt að taka tillit til nemenda sem eru ekki tilbúnir að ræða þetta efni í bekknum.

Íhugum saman inniheldur fimm fullyrðingar og fimm spurningar til umræðu í bekknum.

Fullyrðingar:

- Athafnir sem meiða ekki líkamlega geta ekki verið ofbeldi.
- Það sem gerist sjaldan er ekki ofbeldi.
- Ofbeldi er ekki eins alvarlegt ef gerandinn segir fyrirgefðu.
- Ef börn eða unglingar gera eitthvað sem þau mega ekki þá mega foreldrar þeirra setja þau í straff.
- Að vera vitni að ofbeldi getur verið skaðlegt fyrir börn og ungmenni.

Spurningar til umræðu:

- Reynið að taka saman það sem þið voruð að tala um. Hvernig mynduð þið skilgreina hugtakið ofbeldi?
- Hvers vegna getur stundum verið erfitt að vita hvort það sem þú upplifðir var ofbeldi eða ekki?
- Hvað getur þú gert ef þú ert óviss um hvort þú verðir fyrir ofbeldi heima?
- Hvers vegna getur verið erfitt að segja frá, ef þú verður fyrir ofbeldi heima?
- Í samtalinu gáfu sálfræðingarnir börnum og ungmennum sem búa við erfiðleika heima góð ráð. Hvaða ráð voru það? Getið þið komið með fleiri góð ráð?

4. Ítarefni

Í þessum hluta er ítarefni sem gefur nemendum tækifæri til að afla sér meiri upplýsinga og öðlast dýpri skilning á efninu.

- Hvað er ofbeldi?
- Að fá hjálp

Samantekt í bekknum – góð ráð

Þegar bekkurinn hefur lokið við efni kaflans getur verið gott að líta til baka og íhuga efnið sameiginlega. Hér er tilvalið að rifja upp efnið, ræða um verkefnin og spyrja nemendur hvernig þeim hafi fundist að vinna með efnið. Hlustaðu vel á það sem þau segja. Í slíkri samantekt gæti líka verið gott að minna nemendur á að þú sért til staðar ef einhver vill ræða eitthvað eftir kennslustundina. Minntu einnig á aðra sem þau geta talað við, eins og hjúkrunarfræðing skólans, félagsráðgjafa, aðra kennara, Neyðarlínuna (112) og Hjálparsíma Rauða krossins (1717).

Kennsluleiðbeiningar

„Ég á rétt á að velja“

Kaflinn *Ég á rétt á að velja* fjallar um heiðursofbeldi og neikvæða félagslega stýringu. Efnið er samið með það í huga að vinnan sé kennarastýrð, hvort sem er í öllum bekknum eða í minni hópum.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „*Ég veit*“:

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera hér.

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Um kennsluferlið:

Í þessum hluta eru eftirfarandi þættir:

1. Hlustið á söguna „Fjórtán“

Fjórtán er smásaga eftir Hörpu Jónsdóttur. Sagan er lesin upp. Sagan fjallar um heiðursofbeldi og neikvæða félagslega stýringu. Mælt er með því að hlusta á söguna í bekknum, þar sem hún er grunnur að frekari vinnu með efnið.

2. Tölum saman

- Hvað á stelpan sem segir söguna við þegar hún segir að hún hefði átt að sjá ofbeldið fyrir?
- Hvað merkir hugtakið að smána?
- Stelpan sem segir söguna verður ekki fyrir líkamlegu ofbeldi. Er það sem kemur fyrir hana þá ofbeldi?
- Hvernig heldur þú að henni líði?
- Hvers vegna heldur þú að bróðir hennar fylgist með henni?
- Hvernig heldur þú að bróðurnum líði?
- Hvers vegna heldur þú að stelpan megi ekki fara á bekkjarkvöld eða spila hokkí?
- Hvað getur þú gert ef þú verður fyrir heiðursofbeldi eða neikvæðri félagslegri stjórnun?

- Hvernig getur þú hjálpað vini sem býr við heiðursofbeldi eða neikvæða félagslega stjórnun?
- Hvað heldur þú að gerist næst?

3. Hlustið á samtal fagfólks

Samtal þar sem sérfræðingar útskýra og ræða um heiðursofbeldi, neikvæða félagslega stjórnun, andlegt ofbeldi og fleira. Samtalið fjallar einnig um eftirlit og stjórnun og hvernig það getur verið að vera sá sem stjórnar systur sinni.

4. Íhugum saman

Umræður sem gefa nemendum tækifæri til að ígrunda söguna og samtal fagfólksins. Fylgstu með því sem nemendur segja og gefðu umræðum sem upp kunna að koma góðan tíma. Það er mikilvægt að taka tillit til nemenda sem eru ekki tilbúin að ræða þetta efni í bekknum.

Íhugum saman inniheldur stutta kynningu og sjö spurningar til að ræða í bekknum.

- Við eigum rétt á lífi án óhóflegs eftirlits, stjórnunar eða þvingunar en hvað þýðir það?
- Hver gæti verið ástæða þess að sumar fjölskyldur leggja mikla áherslu á að standa vörð um heiður sinn?
- Getur stundum verið erfitt að vita hvort þú verðir fyrir neikvæðri félagslegri stjórn af hendi fullorðna fólksins heima hjá þér? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Fyrir sum getur verið erfitt að segja frá ef þeim finnst þau vera beitt neikvæðri félagslegri stjórn heima hjá sér. Af hverju heldurðu að það geti verið erfitt að segja frá því?
- Hver er munurinn á skipulögðu hjónabandi og þvinguðu hjónabandi?
- Hvað getur þú gert ef þú ert hrædd við að verða gift án þíns samþykkis?
- Hvað geturðu gert ef þér finnst reglurnar heima hjá þér vera of strangar eða ef þér finnst þú ekki búa við öryggi heima?

5. Ítarefni

Í þessum hluta er ítarefni sem gefur nemendum tækifæri til að afla sér meiri upplýsinga og öðlast dýpri skilning á efninu.

- Sjálfsmynd
- Reglurnar heima
- Uppeldi eða ofbeldi?
- Að velja að gifta sig.

Samantekt í bekknum – góð ráð

Þegar bekkurinn hefur lokið við efni kaflans getur verið gott að líta til baka og íhuga efnið sameiginlega. Hér er tilvalið að rifja upp efnið, ræða um verkefnin og spyrja nemendur hvernig þeim hafi fundist að vinna með efnið. Hlustaðu vel á það sem þau segja. Í slíkri samantekt gæti líka verið gott að minna nemendur á að þú sért til staðar ef einhver vill ræða eitthvað eftir kennslustundina. Minntu einnig á aðra sem þau geta talað við, eins og hjúkrunarfræðing skólans, félagsráðgjafa, aðra kennara, Neyðarlínuna (112) og Hjálparsíma Rauða krossins (1717).

Kennsluleiðbeiningar

„Samþykki“

Kaflinn Samþykki útskýrir hvað samþykki er. Í kaflanum er lögð áhersla á mikilvægi þess að fá og veita samþykki. Kaflanum er auk þess ætlað að auka meðvitund nemenda um eigin mörk og mörk annarra. Efnið er samið með það í huga að vinnan sé kennarastýrð, hvort sem er í öllum bekknum eða í minni hópum.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „*Ég veit*“:

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera hér.

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Um kennsluferlið:

Í þessum hluta eru eftirfarandi þættir:

1. Horfið á myndband: Samþykki í stuttu máli

Samþykki í stuttu máli er stutt myndband sem útskýrir á einfaldan hátt hvað samþykki er og hvernig hægt er að vera viss um hvort einhver hafi veitt samþykki eða ekki. Í myndinni er því verið að biðja um og fá samþykki líkt við það að bjóða og þiggja – eða afþakka – te.

Mælt er með því að bekkurinn horfi saman á myndina, þar sem hún er grunnur að frekari vinnu með efnið.

2. Íhugum saman

Umræður sem gefa nemendum tækifæri til að ígrunda efni myndbandsins. Fylgstu með því sem nemendur segja og gefðu umræðum sem upp kunna að koma góðan tíma. Það er mikilvægt að taka tillit til nemenda sem eru ekki tilbúnir að ræða þetta efni í bekknum. Í þessum hluta eru fimm spurningar til að ræða í bekknum.

- Hvað merkir orðið samþykki?
- Af hverju er mikilvægt að fá og gefa (eða gefa ekki) samþykki í kynlífi?
- Getur verið erfitt að segja nei ef þú vilt ekki kynlíf eða ef þú vilt hætta? Hvers vegna/hvers vegna ekki?

- Ef þú finnur fyrir þrýstingi til að gera eitthvað kynferðislegt sem þú vilt ekki getur það verið erfitt. Það getur verið erfitt að segja nei við suði.
- En ef þér finnst eitthvað ekki rétt fyrir þig þá skaltu ekki gera það. Þetta á við jafnvel þótt þú hafir kannski sagt já fyrst. Þú mátt alltaf skipta um skoðun.
- Í hvaða aðstæðum er ekki hægt að fá eða veita samþykki?
- Kynlíf án samþykkis er ofbeldi. Hvaða afleiðingar getur kynlíf án samþykkis haft?

3. Ítarefni

Í þessum hluta er ítarefni sem gefur nemendum tækifæri til að afla sér meiri upplýsinga og öðlast dýpri skilning á efninu.

- Samþykki
- Mýtur og staðreyndir um kynlíf
- Réttindi til kynheilbrigðis

Samantekt í bekknum – góð ráð

Þegar bekkurinn hefur lokið við efni kaflans getur verið gott að líta til baka og íhuga efnið sameiginlega. Hér er tilvalið að rifja upp efnið, ræða um verkefnin og spyrja nemendur hvernig þeim hafi fundist að vinna með efnið. Hlustaðu vel á það sem þau segja. Í slíkri samantekt gæti líka verið gott að minna nemendur á að þú sért til staðar ef einhver vill ræða eitthvað eftir kennslustundina. Minntu einnig á aðra sem þau geti talað við, eins og hjúkrunarfræðing skólans, félagsráðgjafa, aðra kennara, Neyðarlínuna (112) og Hjálparsíma Rauða krossins (1717).

Kennsluleiðbeiningar

„Að deila myndum“

Kaflinn Að deila myndum fjallar um kynferðisofbeldi, nánar tiltekið í formi mynda-deilinga og kúgunar á netinu. Efnið fjallar um stafræna dómgreind, deilingu og áframsendingu mynda, þrýsting og kúgun og að fá óæskilegar myndir. Efnið er samið með það í huga að vinnan sé kennarastýrð, hvort sem er í öllum bekknum eða í minni hópum.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn *„Ég veit“*:

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera hér.

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Um kennsluferlið:

Í þessum hluta eru eftirfarandi þættir:

1. Horfið á fræðslumyndina: Myndin af mér

Myndin af mér fjallar um stafrænt kynferðisofbeldi og byggir á sannri sögu tveggja unglinga. Hún sýnir hversu auðveldlega myndir dreifast, jafnvel þó þær hafi í upphafi verið sendar til einhvers sem sendandinn treysti og hvaða afleiðingar það getur haft fyrir þann sem er á myndinni. Ræðið og vinnið verkefnin í „Skoðið saman“ til að spegla það sem þið heyrðuð. Að lokum geti þið skoðað „Ítarefni“ sem eru æfingar til að dýpka skilning ykkar á málefninu.

Mælt er með því að bekkurinn horfi saman á myndina, þar sem hún er grunnur að frekari vinnu með efnið.

2. Íhugum saman

Umræður sem gefa nemendum tækifæri til að ígrunda efni myndbandsins. Fylgstu með því sem nemendur segja og gefðu umræðum sem upp kunna að koma góðan tíma. Það er mikilvægt að taka tillit til nemenda sem eru ekki tilbúnir að ræða þetta efni í bekknum. Í þessum hluta eru sex spurningar til að ræða í bekknum.

- Hugsaðu þér að nektarmynd af þér sé dreift, án þíns samþykkis.
  Hvernig myndi þér líða?
- Hvers vegna haldið þið að sumir áframsendi myndir af öðrum?

- Hvernig haldið þið að það sé að fá senda nektarmynd sem þú vilt ekki fá?
- Hvernig haldið þið að það sé að verða fyrir þrýstingi eða kúgun til að senda nektarmynd?
- Um hvað þurfum við að hugsa áður en við sendum nektarmynd?
- Hvaða ráð getur þú gefið þeim sem upplifa eitthvað svipað því sem gerðist í myndinni?

3. Ítarefni

Í þessum hluta er ítarefni sem gefur nemendum tækifæri til að afla sér meiri upplýsinga og öðlast dýpri skilning á efninu.

- Mynd er deilt
- Má þetta?
- Fjárkúgun á netinu.

Samantekt í bekknum – góð ráð

Þegar bekkurinn hefur lokið við efni kaflans getur verið gott að líta til baka og íhuga efnið sameiginlega. Hér er tilvalið að rifja upp efnið, ræða um verkefnin og spyrja nemendur hvernig þeim hafi fundist að vinna með efnið. Hlustaðu vel á það sem þau segja. Í slíkri samantekt gæti líka verið gott að minna nemendur á að þú sért til staðar ef einhver vill ræða eitthvað eftir kennslustundina. Minntu einnig á aðra sem þau geta talað við, eins og hjúkrunarfræðing skólans, félagsráðgjafa, aðra kennara, Neyðarlínuna (112) og Hjálparsíma Rauða krossins (1717).

Kennsluleiðbeiningar

„Mörk“

Kaflinn Mörk fjallar um samþykki, kynferðislegan þrýsting, kynferðisofbeldi og nauðgun. Efnið er samið með það í huga að vinnan sé kennarastýrð, hvort sem er í öllum bekknum eða í minni hópum.

Áður en þú byrjar – góð ráð.

Aðstæður í nemendahópnum

Farðu yfir allt efnið áður en þú notar það í kennslu, gjarnan með samkennara. Kortleggðu þinn nemendahóp og hugleiddu hvort einhver þemu henti þeim sérstaklega vel, eða séu líkleg til að verða þeim erfið.

Eftirfylgni

Gefðu þér nægan tíma með nemendum og vertu vakandi fyrir hugsanlegri þörf á eftirfylgni. Sjáðu til þess að vera til staðar ef nemendur hafa þörf fyrir að spyrja spurninga eða ræða málin eftir að kennslu lýkur.

Leitaðu gjarnan ráða hjá skólahjúkrunarfræðingi eða öðru fagfólki áður en þú byrjar að kenna efnið og sjáðu til þess að nemendur viti hvar og hvenær þeir geta rætt við skólahjúkrunarfræðing eða annað aðgengilegt fagfólk.

Upplýsingar til aðstandenda

Það er gott að upplýsa aðstandendur um efnið sem verið er að fjalla um í bekknum. Sjá upplýsingar fyrir aðstandendur um vefinn „*Ég veit*“:

Hefur þú áhyggjur af barni?

Ef þú hefur áhyggjur af barni þá getur þú aflað þér meiri upplýsinga með því að lesa hvað hægt er að gera hér.

Skólinn er skyldugur til að fylgjast með nemendum og grípa inn í þegar brotið er á nemendum, til dæmis með einelti, ofbeldi, mismunun eða áreitni. Ef skólinn hefur gert allt sem hægt er að gera innan skólans getur hann leitað til Landsteymis sem starfar á vegum Mennta- og barnamálaráðuneytis. Landsteymið byggir á grunni farsældarlaga og þeirri sýn að kerfin eigi að sameinast um að barn fái þann stuðning sem þarf hverju sinni. Hvatt skal til og veittur stuðningur til þess að mál barns sé unnið á grundvelli þeirra laga og þjónusta sé samþætt þvert á kerfi.

Um kennsluferlið:

Í þessum hluta eru eftirfarandi þættir:

1. Hlustið á söguna „Zephyr Thunder“

Zephyr Thunder er smásaga eftir Hörpu Jónsdóttur. Sagan er lesin upp. Hún fjallar um dreng sem ánægður og spenntur þegar hann fær tækifæri til að umgangast uppáhalds hljómsveitina sína en kvöldið endar illa.

Mælt er með því að hlusta saman í bekknum, þar sem sagan er grunnur að frekari vinnu með efnið.

2. Tölum saman

Umræðuspurningar sem geta verið grunnur að sameiginlegri ígrundun nemenda-hópsins þegar börnin hafa hlustað á samtal sérfræðinganna. „Tölum saman“ inniheldur eftirfarandi spurningar sem geta hjálpað nemendahópnum að hugleiða samtalið, ræða það og skilja:

- Strákurinn sem segir söguna er viss um að enginn myndi trúa honum. Heldur þú að hann hafi rétt fyrir sér? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Hefðir þú trúað honum? Hvers vegna/hvers vegna ekki?
- Hvers vegna heldur þú að það sé erfitt að segja frá nauðgun?
- Hvers vegna er mikilvægt að segja frá ef þú hefur orðið fyrir kynferðisofbeldi?

- Hvers vegna er mikilvægt að segja frá því ef þú hefur beitt kynferðisofbeldi?
- Hvernig heldur þú að stráknum líði næstu daga og vikur á eftir?
- Hvað finnst þér að hann ætti að gera?
- Hvar gæti hann fengið hjálp?
- Hvað með þá fullorðnu sem voru á staðnum. Hefði einhver þeirra getað gert eitthvað til að hjálpa? Hvað þá?

3. Hlustið á samtal fagfólks

Samtal þar sem sérfræðingar ræða um samþykki, nauðgun og tengd efni. Samtalið skýrir nánar efni sögunnar en varpar líka ljósi á fleiri hliðar kynferðisofbeldis og afleiðingar þess.

4. Íhugum saman

Umræður sem gefa nemendum tækifæri til að ígrunda efni myndbandsins. Fylgstu með því sem nemendur segja og gefðu umræðum sem upp kunna að koma góðan tíma. Það er mikilvægt að taka tillit til nemenda sem eru ekki tilbúnir að ræða þetta efni í bekknum. Í þessum hluta eru níu spurningar og fullyrðingar til að ræða í bekknum.

- Í samtalinu ræddu sérfræðingarnir um samþykki. Hvað er samþykki?
- Hvers vegna er mikilvægt að fá og gefa samþykki áður en þú stundar kynlíf?
- Þú þarft ekki að biðja um samþykki til að stunda kynlíf þegar þú ert í sambandi.
- Þegar þú ert í sambandi mátt þú ætlast til eða krefjast þess að hinn aðilinn sé til í að prófa mismunandi kynferðislega hluti.
- Hvað getum við gert ef einhver beitir þrýstingi til að fá okkur til að gera eitthvað sem við viljum ekki?
- Hvað getum við gert ef við höfum upplifað eitthvað kynferðislegt, sem við vildum ekki taka þátt í?
- Hvernig getur einhver verið óviss um hvort hann hafi nauðgað einhverjum eða hafi verið nauðgað?
- Hvers vegna getur verið erfitt að segja frá nauðgun?

5. Ítarefni

Í þessum hluta er ítarefni sem gefur nemendum tækifæri til að afla sér meiri upplýsinga og öðlast dýpri skilning á efninu.

- Stjórnsemi og eftirlit
- Að virða ekki mörk annarra

Samantekt í bekknum – góð ráð

Þegar bekkurinn hefur lokið við efni kaflans getur verið gott að líta til baka og íhuga efnið sameiginlega. Hér er tilvalið að rifja upp efnið, ræða um verkefnin og spyrja nemendur hvernig þeim hafi fundist að vinna með efnið. Hlustaðu vel á það sem þau segja. Í slíkri samantekt gæti líka verið gott að minna nemendur á að þú sért til staðar ef einhver vill ræða eitthvað eftir kennslustundina. Minntu einnig á aðra sem þau geta talað við, eins og hjúkrunarfræðing skólans, félagsráðgjafa, aðra kennara, Neyðarlínuna (112) og Hjálparsíma Rauða krossins (1717).